

Sæl öll!

Við í Langningaráðinu höfum tekið eftir í því að ekki allir vita hvað Lagningardagarnir eru. Hérna fyrir neðan er smá texti sem ætti að skýra þetta allt aðeins betur.

Hvað eru Lagningardagar?

Lagningardagar eru dagar í febrúar þar sem hefðbundin kennsla fellur niður og í stað þess taka nemendur að þátt í allskonar viðburðum og fyrirlestrum sem þau skipuleggja sjálf. Í ár eru Lagnó dagar 11.-12. febrúar (þriðjudagur og miðvikudagur). Á þessum dögum er full dagskrá af skemmtilegum og fjölbreyttum viðburðum þar sem nemendur mæta og taka þátt. Hægt verður að sjá alla viðburði og tímasetningar bráðlega í næsta pósti með dagskrá.

Öllum nemendum er skylda að mæta á nokkra viðburð og allir þurfa að ná að safna a.m.k. 10 punktum.

(5p. á þriðjudegi og 5p. miðvikudegi). Punkta fá nemendur þegar þeir mæta á viðburð og samsvara þeir mætingu í skólann. Ef nemandi nær ekki að safna 10 punktum koma fjarvistarstig í staðin.

Punkta kerfið

40 mín til klukkutíma viðburður samsvarar 1 punkti.

1 og ½ til 2 klukkutíma viðburður samsvarar 2 punktum.

Nemandi þarf að safna 5 punktum á þriðjudegi og 5 punktum á miðvikudegi.

Þetta eru að minnsta kosti 3 - 5 viðburðir á einum degi (auðvitað má fara á fleiri viðburði).

Ekki þarf að skrá sig á viðburði, heldur bara mæta og taka þátt. Sumir viðburðir eru með fjöldatakmörkun, sem þýðir að því miður geta ekki allir tekið þátt í þeim viðburðum. Eftir hvern viðburð þarf nemandi að fara til „puktavörðs“ sem verður staðsettur á viðburðinum og fá stimpill/punkt.

Lagnó dagar eru til þess að hafa gaman og rífa sig aðeins frá hefðbundinni kennslu.

Sjáumst hress og spennt á Lagningardögum

...

Hello everyone!

We at the Langningaráði have noticed that not everyone knows what Lagningardagarnir are. Below is a little text that should explain it all a little better.

What are Lagningardagar?

Lagningardagarnir are days in February where traditional classes are canceled and instead students get to participate in all kinds of events and lectures. This year, Lagnó days are February 11-12 (Tuesday and Wednesday). During these days, there is a full program of fun and diverse events

where students attend and participate. You will be able to see all events and schedules soon in the next post with the program.

All students are required to attend several events, in order to achieve 10 points

(5p. on Tuesday and 5p. on Wednesday). The points correspond to attendance at school. If a student fails to collect 10 points, then an absence will be recorded for that individual.

The point system

40 min. to an hour event corresponds to 1 point

1 and a half to 2 hour event corresponds to 2 points

The student must collect 5 points on Tuesday and 5 points on Wednesday.

This is at least 3-5 events in one day (of course you can go to more events)

You do not have to register for an event, just show up and participate. Some events have a limit on the number of participants, which means that unfortunately not everyone can participate in that event. After each event, the student must go to a "point guard" who will be located at the event and get a stamp/point.

Lagnó days are for having fun and taking a break from traditional teaching.

See you happy at Lagningardagar

Kærar kveðjur Best regards Lagnó